

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
129. fundur.

Miðvikudaginn 16. janúar 2013 kom hreppsnefnd Húnavatnshrepps saman til fundar á Húnavöllum kl. 13.00 Þóra Sverrisdóttir setti fundinn og stjórnaði honum. Jens P Jensen ritaði fundargerð. Mæting á fundinn að öðru leyti samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. **Skýrsla sveitarstjóra.**
2. **Fundargerðir:**
 - a) Stjórnar Hveravallafélagsins, dags. 28. desember 2012.
 - b) Kynningarfundar í Blönduvirkjun um virkjanir á veituleið Blöndu, dags. 11. des. 2012
 - c) Stjórnar bs um menningar- og atvinnumál í A-Hún, dags. 19. des. 2012.
 - d) Starfshóps um dreifnám í A-Hún, dags. 12. des. 2012.
 - e) Starfshóps um dreifnám í A-Hún, dags. 17. des. 2012.
 - f) Menningarráðs Norðurlands-vestra, dags. 6. des. 2012.
 - g) Menningarráðs Norðurlands-vestra, dags. 18. des. 2012.
 - h) Stjórnar Norðurá bs, dags. 29. nóv. 2012.
 - i) Stjórnar SSNV, dags. 19. nóv. 2012.
 - j) Stjórnar SSNV, dags. 4. des. 2012.
 - k) Stjórnar bs um málefni fatlaðra á Norðurlandi-vestra, dags. 4. des. 2012.
 - l) Almennavarnanefndar Húnavatnssýslna, dags. 28. nóv. 2012.
 - m) Heilbrigðisnefndar Norðurlands-vestra, dags. 18. des. 2012.
 - n) Stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, dags. 12. des. 2012.
3. **Kynning á fyrirhuguðu dreifnámi í A-Hún.**
4. **Breyting á aðalskipulagi Húnavatnshrepps og deiliskipulagi vegna efnistökusvæðis í landi Æsustaða í Langadal.**
5. **Bréf:**
 - a) Frá Blönduósbæ, dags. 12.12.2012.
 - b) Frá Verkís, dags. 09.01.2013
6. **Önnur mál.**

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 13.00

1. Skýrsla sveitarstjóra.

Tekið fyrir erindi frá Valgeiri Kristinssyni dags. 18. des. 2012, sem varðar bótakröfu Þorkels Ingimarssonar á hendur Húnavatnshreppi. Sveitarstjóra falið að vinna að málinu áfram í samráði við lögfræðing sveitarfélagsins.

Öldumóðuhópurinn hefur óskað eftir að hætta með umsjón Öldumóðuskála. Sveitarstjóra var falið að ræða við Kristján Þorbjörnsson um framhaldið.

Rætt var um kynnis og námsferð sveitarstjórnarmanna á Norðurlandi-vestra til Skotlands vorið 2013. Oddviti mun fara á vegum SSNV. Fram kom að sveitarstjórnarfulltrúar hafa ekki tök á eða áhuga á að fara.

Kynntar breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga. (framlög Jöfnunarsjóðs)

Samþykkt að óska eftir því að Daníel Gunnarsson framkvst. Emax mæti á næsta fund hreppsnefndar.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps 129. fundur.

Skipaður var starfshópur til að fara yfir og endurskoða samþykktir Húnavatnshrepps og að setja hreppsnefnd siðareglur, m.t.t. nýrra sveitarstjórnarlag.

Starfshópurinn skipa: Jón Gíslason, Stóra-Búrfelli, Ingibjörg Sigurðardóttir, Auðólfssstöðum Þóra Sverrisdóttir, Stóru-Giljá ásamt sveitarstjóra

Hreppsnefnd samþykkti þann 29. nóv. s.l. að endurnýja gólfefni í miðrymi Húnavallaskóla Byggingarfulltrúa var falið að leita tilboða í verkið. Óskað var eftir tilboðum frá Húsherja ehf, Tveim Smiðum ehf og Trésmiðjunni Stíganda. Tilboð bárust í verkið frá Tveim Smiðum ehf, að upphæð 2.381.815 kr. og Trésmiðjunni Stíganda, að upphæð 4.499.276 kr. Kostnaðaráætlun var 3 millj. kr. Tilboði frá Tveim Smiðum ehf, var tekið og verkið var unnið í jólafrí Húnavallaskóla.

2. Fundargerðir:

a) Stjórnar Hveravallafélagsins, dags. 28. desember 2012.

Lögð fram til kynningar.

b) Kynningarfundar í Blönduvirkjun um virkjanir á veituleið Blöndu, dags. 11. des. 2012

Lögð fram til kynningar.

c) Stjórnar bs um menningar- og atvinnumál í A-Hún, dags. 19. des. 2012.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps gerir ekki athugasemd við fjárhagsáætlun byggðasamlagsins vegna ársins 2013.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps samþykkir fyrir sitt leyti að málefni byggðasamlags Húnavetninga og Strandamanna að Reykjum verði á forræði bs. um menningar- og atvinnumál í stað einstakra sveitarfélaga í A-Hún.

d) Starfshóps um dreifnám í A-Hún, dags. 12. des. 2012.

Lögð fram til kynningar.

e) Starfshóps um dreifnám í A-Hún, dags. 17. des. 2012.

Lögð fram til kynningar.

f) Menningarráðs Norðurlands-vestra, dags. 6. des. 2012.

Lögð fram til kynningar.

g) Menningarráðs Norðurlands-vestra, dags. 18. des. 2012.

Lögð fram til kynningar.

h) Stjórnar Norðurá bs, dags. 29. nóv. 2012.

Lögð fram til kynningar.

i) Stjórnar SSNV, dags. 19. nóv. 2012.

Lögð fram til kynningar.

j) Stjórnar SSNV, dags. 4. des. 2012.

Lögð fram til kynningar.

k) Stjórnar bs um málefni fatlaðra á Norðurlandi-vestra, dags. 4. des. 2012.

Lögð fram til kynningar.

l) Almannaþingarnefndar Húnavatnssýslna, dags. 28. nóv. 2012.

Lögð fram til kynningar.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps

129. fundur.

m) Heilbrigðisnefndar Norðurlands-vestra, dags. 18. des. 2012.
Lögð fram til kynningar.

n) Stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, dags. 12. des. 2012.
Lögð fram til kynningar.

3. Kynning á fyrirhuguðu dreifnámi í A-Hún.

Fundurinn var færður í Húnavallaskóla undir þessum lið. Guðjón Ólafsson, fræðslustjóri stjórnaði kynningunni. Þorkell Þorsteinsson, aðstoðarskólameistari FNV fór yfir hugmyndir að útfærslu á dreifnámi í A-Hún.

Fulltrúar Vestur-Hún. Skúli Þórðarson, sveitarstjóri, Eydís Aðalbjörnsdóttir, fræðslu- og félagsmálastjóri og Rakel Runólfsdóttir, umsjónarmaður dreifnáms, kynntu dreifnámið í Vestur-Hún. Skólastjóri Húnavallaskóla og þrír fulltrúar frá Strandabyggð sátu einnig fundinn.

Fundi hreppsnefndar var síðan framhaldið á skrifstofu sveitarfélagsins.

4. Breyting á aðalskipulagi Húnavatnshrepps og deiliskipulagi vegna efnistökusvæðis í landi Æsustaða í Langadal.

Í athugasemdarferli tillagna um breytingu á aðalskipulagi Húnavatnshrepps í landi Æsustaða í Langadal og auglýsingu á deiliskipulagi fyrir sama svæði, kom fram athugasemd frá landeigendum Kárastaða og Tunguness um að landamerki Kárastaða, Tunguness og Æsustaða á því svæði sem skipulagstillagan nær yfir væru óljós og ófrágengin.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps samþykkir tillögu að breytingu á aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022, vegna efnistökusvæðis í landi Æsustaða með eftirfarandi breytingu á auglýstum texta í greinargerð:

Greinargerð, kafli, lýsing:

á eftir setningunni: *Aðalskipulagsbreyting þessi tekur til staðsetningar á nýju efnistökusvæði í landi Æsustaða í Langadal.*

Komi: *Fram hefur komið að landamerki Æsustaða, Kárastaða og Tunguness á skipulagssvæðinu eru óljós og því eru landamerki í skipulagstillögunni ekki staðfest.*

Aðalskipulagstillagan, ásamt athugasemdum og umsögn hreppsnefndar um þær, verður send til afgreiðslu hjá Skipulagsstofnun í samræmi við 32. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps samþykkir tillögu að deiliskipulagi Æsustaðanámu með eftirfarandi breytingu á auglýstum texta í greinargerð:

Á eftir setningunni: *Skipulagssvæðið er um 2,4 ha að stærð og er í landi Æsustaða í Langadal í Húnavatnshreppi.*

Komi: *Fram hefur komið að landamerki Æsustaða, Kárastaða og Tunguness á skipulagssvæðinu eru óljós og því er ekki staðfest að allt skipulagssvæðið sé í landi Æsustaða.*

Deiliskipulagstillagan, ásamt athugasemdum og umsögn hreppsnefndar um þær, verður send til afgreiðslu hjá Skipulagsstofnun í samræmi við 42. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

5. Bréf:

a) Frá Blönduósbæ, dags. 12.12.2012.

Efni: Bæjarstjórn Blönduósbæjar óskar eftir samstarfi við sveitarstjórn Húnavatnshrepps um að unnin verði úttekt á kostum og göllum þess að sameina þessi tvö sveitarfélög í eitt.

Óskað er eftir að hreppsnefnd Húnavatnshrepps taki afstöðu til erindisins og er Blönduósbær tilbúinn til viðræðna um framhald málsins.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps telur raunhæfari valkost að skoða stærri sameiningu, svo sem sameiningu allra sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
129. fundur.

b) Frá Verkís, dags. 09.01.2013

Efni: Virkjanir á veituleið Blönduvirkjunar, drög að tillögu að matsáætlun.

Nú stendur yfir kynning á drögum að tillögu að matsáætlun vegna fyrirhugaðra virkjana á veituleið Blönduvirkjunar.

Landsvirkjun áformar frekari nýtingu falls frá Blöndulóni að Gilsárlóni með byggingu þriggja virkjana á veituleiðinni þ.e. **Kolkuvirkjun**, sem nýtir fallið milli Blöndulóns og Þrístiklu, **Friðmudavirkjun**, sem nýtir fallið milli Smalatjarnar og Austara-Friðmundarvatns og **Pramarvirkjun**, sem nýtir fallið milli Austara-Friðmundarvatns og Gilsárlóns. Heildarafl þeirra verður allt að 32 MW.

Drögin eru aðgengileg á heimasíðu Verkís, www.verkis.is, og stendur kynningin yfir til 22. janúar n.k. Hægt er að koma ábendingum og athugasemdum á framfæri við Verkís á netfangið umhverfismal@verkis.is.

Óskað er eftir að drög að tillögu að matsáætlun verði tekin til athugunar hjá Húnavatnshreppi.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps gerir athugasemd við kafla **4.2.3. Aðalskipulag Húnavatnshrepps**. Sveitarstjóra er falið að koma athugasemdinni á framfæri við skýrsluhöfunda.

Að öðru leyti gerir hreppsnefnd ekki athugasemdir við skýrsludrögin.

6. Önnur mál.

Erindi frá Sólveigu I. Friðriksdóttur dags, 15. janúar 2013, varðandi Húnaversmál, vísað til hússtjórnar Húnavers.

Fleira ekki gert .

Fundi slitið kl. 17.40

Þóra Sverrisdóttir

Jón Gíslason

Jakob Sigurjónsson

Björn Magnússon

Magnús R. Sigurðsson

Guðmundur R. Halldórsson

Ingibjörg Sigurðardóttir

Jens P Jensen